Kópavo

Kópavogi, 24. ágúst 2026
2101814/030.02 AKÓ

Efni: Aðgerðaráætlun menntasviðs í tengslum við menntastefnu Kópavogsbæjar, vinnulag og framkvæmd.

Unnið hefur verið að gerð aðgerðaráætlunar menntasviðs tengt menntastefnu Kópavogsbæjar frá árinu 2022. Markmið vinnunnar er að útfæra stefnumið menntastefnunnar í skýrar, afmarkaðar og framkvæmanlegar aðgerðir sem styðja við framgang stefnunnar ár hvert. Menntastefnu Kópavogsbæjar má finna á vef Kópavogsbæjar Menntastefna - Kópavogsbær.

Aðgerðaráætlunin tekur til fimm meginmarkmiða menntastefnunnar og inniheldur samtals 15 aðgerðir árið 2026. Við útfærslu þeirra er lögð áhersla á að hver aðgerð hafi skýrt markmið, skilgreinda ábyrgð, raunhæfan tímaramma og mælikvarða. Þannig verði unnt að fylgjast með framvindu aðgerðanna og meta árangur þeirra í lok árs. Aðgerðaráætluninni er ætlað að stuðla að sameiginlegri sýn á forgangsverkefnum menntasviðs fyrir hvert ár, og styðja við markvissa framkvæmd menntastefnu Kópavogsbæjar. Markmið aðgerðaráætlunar menntasviðs er jafnframt að styðja við samstarfsverkefni á milli deilda, styrkja tengingu við umbótaáætlanir gæðastarfs, aðgerðaráætlun Barnvæns sveitarfélags og umbótatillögur í grunnskólum Kópavogs (*Framtíðin í fyrsta sæti)*. Aðgerðirnar eru ekki bundnar við einstaka deildir á menntasviði heldur þvert á þjónustu sviðsins.

Vinnulag við gerð aðgerðaráætlunar

Gerð aðgerðaráætlunarinnar fer fram í samráði við stjórnendur og starfsfólk menntasviðs og annað fagfólk sem koma að framkvæmd einstakra aðgerða. Við vinnuna er byggt á stöðu fyrri verkefna, fyrirliggjandi gögnum, reynslu, og þeim umbótum og tækifærum sem kalla á viðbrögð.

Vinnunni er skipt í eftirfarandi meginþætti:

1. **Stöðumat og tillögugerð**

   Farið er yfir stöðu fyrri aðgerða, fyrirliggjandi gögn, lög og reglugerðir, og helstu þarfir í skóla-, frístunda-, og íþróttastarfi. Aðgerðir taka einnig mið af

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

samþykktum tillögum nefnda og ráða, og þeim markmiðum sem koma fram í menntastefnu.

2. **Útfærsla aðgerða**
   Fyrir hverja aðgerð er unnin verkáætlun þar sem skilgreind eru markmið, helstu verkefni, ábyrgðaraðilar, samstarfsaðilar, tímarammi, mælikvarðar og tenging við aðrar stefnur og eða áætlanir sveitarfélagsins.

3. **Frágangur og samþykkt**
   Drög að heildstæðri aðgerðaráætlun eru lögð fyrir menntaráð til samþykktar.

4. **Framkvæmd og eftirfylgni**
   Skrifstofa sviðsstjóra á menntasviði ber ábyrgð á að aðgerðaráætlun hvers árs sé framfylgt, og fylgist reglulega með framvindu aðgerða og bregst við frávikum eftir þörfum.

5. **Hlutverk menntaráðs**

   Samkvæmt erindisbréfi menntaráðs samþykkir ráðið aðgerðaráætlun menntasviðs tengt menntastefnu Kópavogsbæjar ár hvert.

Aðgerðir í aðgerðaráætlun menntasviðs árið 2026.

M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi
Eftirfarandi þrjár aðgerðir falla undir meginmarkmið M.1:

Aðgerð 1: Verklag og gæðaviðmið fyrir verkefnið Góður grunnur
Skilgreint verði verklag og gerð gæðaviðmið fyrir verkefnið Góður grunnur. Verklagið verði kynnt fyrir öllum grunnskólum Kópavogs.

Aðgerð 2: Móttaka og stuðningur við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
Móttaka og stuðningur við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verði markviss og samræmd. Móttökuáætlanir verði endurskoðaðar og viðeigandi námslegur og félagslegur stuðningur samræmdur í grunnskólum Kópavogs. Aðgerðin tengist umbótatillögunum í grunnskólum Kópavogs, *Framtíðin í fyrsta sæti*.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Aðgerð 3: Stuðningur við nemendur með lestrarvanda

Lagðar verði fram tillögur að umbótum sem styðja betur við nemendur með lestrarvanda og tryggja jafnræði í námi.

M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

Eftirfarandi fimm aðgerðir falla undir meginmarkmið M.2:

Aðgerð 4: Mat á stuðningsúrræðum í grunnskólum

Núverandi stuðningsúrræði í grunnskólum Kópavogs, sem styðja við námsframvindu og vellíðan nemenda í anda farsældarlaga, verði metin. Á grundvelli matsins verði lagðar fram tillögur að umbótum. Aðgerðin tengist umbótatillögum í grunnskólum Kópavogs, *Framtíðin í fyrsta sæti*.

Aðgerð 5: Innleiðing námskeiðsins Tengjumst í leik

Námskeiðið *Tengjumst í leik*, sem er hluti af verkefninu Föruneyti barna, verði innleitt í völdum leik- og grunnskólum Kópavogs.

Aðgerð 6: Fræðsla fyrir foreldra

Foreldrum verði boðin aðgengileg og fjölbreytt fræðsla sem styður við þátttöku þeirra í námi og velferð barna á öllum skólastigum. Aðgerðin tengist umbótatillögum í grunnskólum Kópavogs, *Framtíðin í fyrsta sæti*.

Aðgerð 7: Samræmd viðbragðsáætlun um öruggt náms- og starfsumhverfi

Mótuð og innleidd verði samræmd viðbragðsáætlun sem stuðlar að öryggi í náms- og starfsumhverfi nemenda og starfsfólks í grunnskólum Kópavogs. Aðgerðin tengist umbótatillögum í grunnskólum Kópavogs, *Framtíðin í fyrsta sæti*.

Aðgerð 8: Samræmt verklag við skil milli skólastiga

Mótað og innleitt verði sameiginlegt verklag um skimun, upplýsingamiðlun og skilafundi milli leik- og grunnskóla og milli stiga innan grunnskóla. Markmiðið er að tryggja samræmd skil og miðlun gagna milli skólastiga. Aðgerðin tengist umbótatillögum í grunnskólum Kópavogs, *Framtíðin í fyrsta sæti*.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

M.3 Samráð, samvinna, starfsþróun og starfsaðstaða

Eftirfarandi aðgerð fellur undir meginmarkmið M.3:

Aðgerð 9: Stuðningur við leiðbeinendur í kennaranámi

Þróað og innleitt verði heildstætt verklag sem felur í sér hvatningu, námslega aðstoð og starfsþróun fyrir leiðbeinendur í skólastarfi sem stunda kennaranám. Stjórnendur grunnskóla Kópavogs fái aðgang að verklaginu og fræðslu. Aðgerðin tengist umbótatillögum í grunnskólum Kópavogs*, Framtíðin í fyrsta sæti*.

M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

Eftirfarandi þrjár aðgerðir falla undir meginmarkmið M.4:

Aðgerð 10: Verkfærakista sem styður við málþroska barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í samþættu tónlistarnámi.

Útbúin og innleidd verði verkfærakista í tveimur leikskólum Kópavogs sem styður við málþroska barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn með samþættu tónlistarnámi.

Aðgerð 11: Efling kórastarfs í tilteknum skólahverfum

Kórastarf í tilteknum skólahverfum verði styrkt með markvissum stuðningi, auknu aðgengi og bættri samvinnu milli skóla, tónlistarstarfsemi og frístundastarfs. Stefnt verði að formlegu og reglubundnu samstarfi tveggja grunnskóla og tónlistarsamstarfsaðila.

Aðgerð 12: Viðmið um notkun gervigreindar í grunnskólum Kópavogs

Gerð verði samræmd viðmið um notkun gervigreindar í grunnskólum Kópavogs. Annars vegar verði gerð viðmið fyrir nemendur í 1. til 10. bekk og hins vegar fyrir starfsfólk skólanna.

M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

Eftirfarandi þrjár aðgerðir falla undir meginmarkmið M.5:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Aðgerð 13: Frístundamessa

Skipulögð og haldin verði Frístundamessa þar sem fjölbreytt íþrótta- og frístundastarf verður kynnt fyrir íbúum Kópavogs.

Aðgerð 14: Vikuleg opnun félagsmiðstöðva fyrir miðstig

Boðið verði upp á vikulega opnun fyrir nemendur á miðstigi, í 5. til 7. bekk, í hverri félagsmiðstöð í Kópavogi.

Aðgerð 15: Starfsþjálfun fyrir ungmenni í Molanum, miðstöð unga fólksins

Skipulögð verði starfsþjálfun í Molanum, miðstöð unga fólksins, fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 18 ára sem eru hvorki í vinnu né námi.

Með framangreindu hefur verið gerð grein fyrir vinnulagi við mótun aðgerðaráætlunar menntasviðs í tengslum við menntastefnu Kópavogsbæjar, og þeim aðgerðum sem unnið er að á árinu 2026.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri menntasviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026